



Samstarfssamningur Fossavatnsgöngunnar og Ísafjarðarbæjar um framkvæmd Fossavatnsgöngunnar.

Ísafjarðarbær kt.540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Fossavatnsgangan kt. 690905-0430, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr. Markmið og verkefni.

Markmið samningsins er að:

- a) Auka veg og vanda Fossavatnsgöngunnar, hér eftir göngunnar.
- b) Gera allan undirbúning og framkvæmd göngunnar fumláusan.
- c) Gera upplifun gesta/keppenda göngunnar sem ánægjulegastan.
- d) Að styrkja ímynd Ísafjarðarbæjar og draga ferðamenn til bæjarins og skapa umfjöllun um bæinn.

Helstu verkefni:

- a) Troðsla keppnisbrauta
- b) Aðgangur að skíðasvæði
- c) Flyting á mokstri Seljalandsvegar að skíðasvæði og bílastæða þar og hálkuvörn.
- d) Umsjón með skíðaskálanum á Seljalandsdal og umhverfi hans.
- e) Leiga á tækjum og búnaði.
- f) Afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi.
- g) Gjaldtaka á svæðinu.

2. gr. Skyldur Ísafjarðarbæjar

Troðsla keppnisbrauta

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar sér um að troða keppnisbrautirnar á fullnægjandi hátt og uppfylla kröfur sem Alþjóða skíðasambandið gerir til almenningsskiðaganga eins og Fossavatnsgöngunnar.

Mokstur og hálkuvörn

Ísafjarðarbær í samstarfi við Vegagerðina tryggir eins og aðra opnunardaga skíðasvæðisins að vegurinn upp á Seljalandsdal og bílastæði þar séu vel fær öllum bílum og rútum frá miðvikudegi og fram á laugardag þá daga sem gangan fer fram. Sérstaklega þarf að skipuleggja laugardaginn fyrirfram þar sem umferð um hann fer af stað um kl. 05:00. Hér þarf bæði að gæta að mokstri og ekki síður hálkuvörn. Fulltrúar frá Fossavatnsgöngunni, skíðasvæðinu og áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar sammælast í lok hvers dags um til hvaða aðgerða þarf að grípa næsta dag, með tilliti til aðstæðna og veðurspár.

Umsjón með skíðaskálanum á Seljalandsdal og umhverfi hans

Starfsmenn skíðasvæðisins hafa alla umsjón með skíðaskálanum á Seljalandsdal svo sem þrif, umsjón með salernum, frágang á húsi, fara með rusl o.fl. tilfallandi. Þeir sjá einnig um að aðgengi að skálanum sé í góðu lagi og að pallurinn sé hreinn og vel aðgengilegur.

Starfsmenn skíðasvæðisins sjá um alla veitingasölu í skálanum.

Starfsmenn skíðasvæðisins hafa umsjón með útisvæðinu næst skíðaskálanum á Seljalandsdal og koma þar fyrir borðum, bekkjum, ruslagrindum, skíðastatífum og öðrum þeim búnaði sem sveitarfélagið á. Þeir sjá einnig um frágang á því svæði. Starfsfólk Fossavatnsgöngunnar sér um uppsetningu og frágang á marksvæði innan girðingar.

Aðilar eru sammála um að opna ekki skíðasvæðið fyrr en vegurinn upp á Seljalandsdal og bílaplönin hafa verið mokuð/hálkuvarin og skíðagönguskálinn og útisvæðið eru tilbúin að taka við gestum.

Fresta skal opnun ef veður eða aðrar ástæður hafa valdið því að ekki hafi náðst að klára þessa hluti fyrir tilgreindan opnunartíma.

Búnaður og tæki

SFÍ fær afnot af snjósleðum skíðasvæðisins á mótsdögum í samráði við forstöðumann. Ísafjarðarbær lánar fána og fánastangir og kemur stöngunum fyrir á skíðasvæði og fánaborgum á hringtorgum.

Afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi

SFÍ fær gjaldfrjáls afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi frá kl.10:00 á föstudegi, daginn fyrir gönguna, til kl. 15:00 á sunnudegi, daginn eftir gönguna. Ísafjarðarbær útvegar svið, teppi, borð og stóla til notkunar í íþróttahúsinu á Torfnesi og FVG sér um uppsetningu og gæslu í húsinu, en alltaf er þó einn starfsmaður Ísafjarðarbæjar á vakt í húsinu.

Gjaldtaka á svæðinu

Aðilar eru sammála um að Skíðasvæðið innheimti ekki aðgangseyri af keppendum á gönguskíðasvæðinu þá viku sem Fossavatnsgangan stendur yfir, þ.e. frá miðvikudegi til laugardags. Keppendur framvísi keppnisnúmeri eða annarri staðfestingu á þátttöku á svæðinu. Þátttakendur í æfingabúðum Fossavatnsgöngunnar sem haldnar eru yfir veturinn greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar

Samkomulag er um að Fossavatnsgangan hafi heimild til að nýta sér sérfræðipjónustu starfsmanna Ísafjarðarbæjar í afmarkaðan tíma, nánar tiltekið upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar og starfsmann Upplýsingamiðstöðvar. Yrði þetta ávallt gert í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, fyrir að hámarki kr.200.000.-

Verðgildi

Framlag Ísafjarðarbæjar er metið á kr. 4.388.000,-

Íþróttahús, leiga á sal og starfsmaður kr. 950.000

Leiga á pöllum og sviði kr. 49.000

Leiga á stólum kr. 44.000

Flutningur á fánastöngum og borðum kr. 150.000

Troðsla brauta kr. 2.995.000

Sérfræðipjónusta starfsmanna Ísafjarðarbæjar kr. 200.000

Framlag Fossavatnsgöngunnar til samfélagsins er metið á kr. 105.000.000,- skv. viðmiði Hagstofu Íslands og Íslandsbanka (210.000, pr einstakling). Það er því ljóst að gangan skapar mikið vermæti fyrir Ísafjarðarbæ í heild, bæði þegar kemur að ímynd og umfangi. Hún setur Ísafjarðarbæ á kortið og með komu fjölda ferðamanna, sem kemur til að taka þátt í göngunni, verður til velta í bænum. Ferðamennirnir versla við matsölustaði, verslanir í bænum og ferðapjónustuaðila, svo eitthvað sé nefnt.

3. gr.

Skyldur Fossavatnsgöngunnar

Ísafjarðarbær flokkast sem styrktaraðili göngunnar samanber meðfylgjandi styrktaraðilatré í viðauka. Sem styrktaraðili er bæjarins getið í öllu kynningarefni. Fyrir Ísafjarðarbæ fælist í því m.a.:

- Auglýsingar á keppnissvæði, allt að 8 stk. 1x4 metra borða sem fara á marksvæði og í braut. (framleiðslukostnaður er greiddur af styrktaraðila)
- Fánar í Fánaborgum. (bærinn útvegar fána)
- Fánar á ljósastaura í miðbæ þar sem keppendur eru boðnir velkomnir með lógó bæjarins og göngunnar. (bærinn útvegar fána og kemur þeim upp)
- Lógó bæjarins verður á öllu kynningarefni göngunnar s.s. heimasíðu, bakgrunnum, bréfsefni o.fl.
- Lógó bæjarins á númerum og starfsmannavestum ef því er komið við
- Heimild til að nýta lógó göngunnar í kynningarefni bæjarins og aðgangur að myndefni.

Fossavatnsgangan sér um að merkja brautir og viðhalda brautarkerfi fyrir gönguna, sem gerir það að verkum að starfsfólk skíðasvæðisins þarf aðeins að troða brautina. Vinna sem nýtist öllum sem nota skíðagöngubrautirnar. Er þessi vinna metin á kr. 623.800 sem miðast við 40 klst. vinnu á snjósleða.

4. gr.

Gildistími.

Gildistími samnings þessa er 1. maí 2022 til 1. maí 2025.

5. gr.

Önnur atriði

Uppsögn samnings þessa skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila er þrír mánuðir.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Ísafirði 23. maí 2022

f.h. Ísafjarðarbæjar

f.h. Fossavatnsgöngunnar

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

Kristbjörn R. Sigurjónsson,
framkvæmdastjóri